

**Fundarstaður:** Skype-fundur kl 13:15 á tíma samkomubanns vegna COVID-19.

Á fundinn mættu: Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

**Fundur settur af formanni og farið yfir stöðu mála:**

- Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti skipan stjórnar Samfélagssjóðs Fljótsdals á fundi sínum 3.3.2020 með bókun um að skipa Smafélagsnefnd og varamenn hennar sem stjórn og varastjórn Samfélagssjóðsins.
- Samþykkt var á 25. fundi Samfélagsnefndar og 1. fundi stjórnar Samfélagssjóðsins þann 26.3.2020 að Signý Ormarsdóttir yrði formaður og Lárus Heiðarsson varaformaður sjóðsins.
- Á þeim fundi voru jafnframt samþykktar starfsreglur stjórnar, úthlutunarreglur og matsblað vegna umsókna.
- Staðfesting á Skipulagsskrá sjóðsins er komin frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra.
- Skipulagsskráin hefur verið birt á vef Stjórnartíðinda Nr. 295/2020 þann 2.4.2020.
- Búið er að senda inn umsókn um kennitölu til RSK og greiða fyrir það. Ekki komið svar frá þeim einungis tilkynning um þau taki sér lengri afgreiðslutíma vegna skráningu tilkynninga um raunverulega eigendur.
- Umsóknareyðublað sjóðsins hefur verið kynnt og lagfært miðað við athugasemdir stjórnarmanna.

## Nú á dagskrá

- Samþykkt að miða heildar úthlutunarupphæðina við allt að 12 milljónir krónar í fyrstu úthlutun sjóðsins, með möguleika á að auglýsa eftir umsóknum aftur í haust.
- Skoða þarf nánar samninginn milli Fljótsdalshrepps og Austurbrú er varðar verkefnasjóðinn/Samfélagssjóðinn, þar sem hann hefur breyst frá undirritun samningsins. Formanni og verkefnastjóra falið að fylgja því máli eftir.
- Umsóknafrestur verði til 30. apríl
- Farið fyrir drög að auglýsingu um sjóðinn.
- Rætt um fréttatilkynningar og fjölmiðla. Ásdís og formanni stjórnar falið að fylgja eftir kynningju á sjóðnum og auglýsa eftir umsóknum. Arna og Þórhallur líka tilbúin til að taka þátt í viðtölum við fjölmiðla. Allir taki virkan þátt í dreifingu auglýsingar um samfélagsmiðla. Hafa eftirfarandi í huga: Útbúa fréttatilkynningar fyrir nærumhverfið og fjærumhverfið fyrir þá sem ekki þekkja til svæðisins.
- Rætt um það að vista sjóðinn hjá Sparisjóði Austurlands og verkefnastjóra falið að finna besta ávöxtunarreikning þar miðað við tilgang sjóðsins.

Jóhann vék af fundi kl 14:00

- Samþykkt að verkefnastjóri taki saman upplýsingar um fjölda umsókna, flokki umsóknir eftir viðfangsefnum og taki saman heildarupphæð umsókna og birti stjórnarmönnum áður en skoðað verður með valnefnd og mat á umsóknum.

- Verkefnastjóra jafnframt falið að taka niður allar ábendingar sem koma fram við vinnslu umsókna hjá umsækjendum og öðru sem upp kemur í ferlinu sem skoða má nánar og bæta úr í framhaldi.

#### Önnur mál

- Rýnt í logó sem Heiðdís Halla hjá Duodot.design hefur hannað út frá forskrift sem hún fékk út frá ábandingum Fljótsdælinga.

Til fundarins var boðaður Ingvi Örn Þorsteinsson hönnuður.

Samþykkt að styðjast við texta sem fylgir ákveðnu lógói en óska eftir fleiri tillögum þar sem útlínur fólks mynda jafnframt landslag. Verkefnastjóra falið að fylgja því eftir. Ingva þakkað hans innlegg í umræðuna áður en hann vék af fundi.

Áætlað er að halda næsta fund 6. maí.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:30

Ásdís Helga Bjarnadóttir  
ritaði